

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2765  
komudagur 25.5.2011



Samgöngunefnd Alþingis  
B.t. nefndasviðs skrifstofu Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. maí 2011  
(Þingmál 534 – 139 löggjafarþing)

Við er til bréfs samgöngunefndar, dags. 11. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Neyðarlínunnar ohf. um þingsályktunartillögu um undirbúning að flutningi Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.

Neyðarlínan ohf. tekur ekki afstöðu til þess hvar heppilegast er að koma rekstri Landhelgisgæslunnar fyrir til frambúðar. Hins vegar telur félagið rétt og skylt að vekja athygli á ákveðnum þáttum sem hugsanlega flutninga varða.

Í fyrsta lagi er rétt að áréttta að Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð hefur að mati félagsins sannað gildi sitt. Sérstaklega mikilvæg er samhæfingarstöðin, en reynslan sýnir að með tilkomu hennar hefur orðið mikil breyting á samhæfingu og öllu samstarfi viðbragðsaðila við stjórnun stærri björgunaraðgerða og almannavarna. Það var á sínum tíma afstaða stjórnenda Landhelgisgæslunnar að óraunhæft væri að stofnunin kæmi að starfi samhæfingarstöðvarinnar, nema stjórn stofnunarinnar væri staðsett á sama stað og samhæfingarstöðin. Sama afstaða hefur mótast hjá öðrum stofnunum sem bera ábyrgð á stjórn og samhæfingu almannavarna, leitar og björgunaraðgerða og nú er svo komið að allar stofnanir sem slíku hlutverki gegna hafa aðalstöðvar sínar í björgunarmiðstöðinni við Skógarhlíð.

Það hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi hvernig Íslendingum hefur tekist að þjappa þeim ólíku stofnunum saman sem koma að leit, björgun og almannavörnum. Hefur fjöldi erlendra gesta heimsótt björgunarmiðstöðina sérstaklega í því skyni að kynna sér hvernig íslenskum stjórnvöldum tókst að koma viðbragðsaðilum saman með þessum hætti.

Það kann að koma til greina að endurskoða fyrrnefnda afstöðu til þess að nauðsynlegt sé að aðalstöðvar LHG séu á sama stað og björgunarmiðstöðin, en allt að einu virðist óhjákvæmilegt að því sé svarað með ábyrgum hætti, hvernig aðkoma Landhelgisgæslunnar að björgunarmiðstöðinni og samhæfingarstöðinni verður háttáð, áður en endanlegar ákvarðanir um flutning verða teknar. Í því samhengi er nauðsynlegt að hafa í huga að þegar almannavarnarástand skapast, er samhæfingarstöðin jafnan mönnum fyrirvaralaust með fulltrúum ólíkra stofnana sem að málum koma. Um helmingur þessara starfsmanna kemur frá stofnunum utan björgunarmiðstöðvarinnar (Veðurstofan, jarðvísindastofnun HÍ, landlæknir,

sóttvarnarlæknir, veitustofnanir o.s.frv., allt eftir atvikum hverju sinni). Það er því ljóst að erfitt er að sjá fyrir sér flutning allrar þessarar starfsemi í heilu lagi til Suðurnesja svo vel fari.

Í öðru lagi má segja að svipuð sjónarmið gildi að nokkru leyti um vaktstöð siglinga. Vaktstöðin er að verulegu leyti kostuð af Siglingamálastofnun og fjárhagsleg ábyrgð á rekstrinum er í höndum Neyðarlínunnar ohf. Á hinn bóginn er vaktstöðin mönnuð af starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar er rekin innan veggja vaktstöðvarinnar af þessum sömu starfsmönnum. Allt þetta fyrirkomulag má gjarnan endurskoða, en óhjákvæmilegt virðist að því verði svarað hvernig koma á rekstrinum fyrir ef Landhelgisgæslan flyst úr Skógarhlíð, áður en endanleg ákvörðun er tekin um flutning. Það kallar á að málin verði skoðuð vandlega og raunhæfar lausnir fundnar.

Neyðarlínan ohf. áréttar að lokum vilja sinn til samstarfs um þau atriði sem hér hafa verið reifuð.

F.h. Neyðarlínunnar ohf.



Þórhallur Ólafsson